



Galatabréfið

Útskýringar sem byggðar eru á Torah og hebresku samhengi fyrstu aldarinnar.

Eftir Avi ben Mordechai © 2005-2006 Millennium 7000 Communications. Allur réttur áskilinn.
Íslensk þýðing: Sigrún Einarsdóttir - www.torah.is
Birt með leyfi höfundar - www.m7000.com

5. þáttur af 18

Skjámynd:

Dæmi um Takanot:

- Lög um daglegan helgisiðapvott handa. (7. kafli Markúsarguðspjalls)
- Lög gegn því að „bera“ á hvíldardegi. (Jóh. 5.8-10)
- Lög um föstu tvisvar í viku, á mánudögum og fimmtudögum. (8. kafli Lúk.)
- Lög um ákveðnar bænir sem á að biðja yfir ákveðnum mat. (Matt. 14.19)
- Lög gegn því að höndla ýmislegt á hvíldardegi og helgum dögum. (Matt. 12.11, Muktzeh)
- Lög sem banna Gyðingi að nota brauð, vín og/eða olíu heiðingja. (10. kafli Postulasögunnar)
- Lög um ákveðnar (samsettar) bænir, sem fela í sér að nota formúlu rabbína um „...vitzivanu“ „(...og hann hefur boðið okkur“) í gegnum andlegt vald rabbína.

Skjámynd:

Staða Yeshua varðandi Takanot og Ma'asim:

Takanot: Matteusarguðspjall á hebresku 15.2-3

Hvers vegna brjóta lærisveinar þínir erfikenning forfeðranna? ... Hvers vegna brjótið þér sjálfir boðorð Guðs sakir erfikenningar yðar?

Ma'asim: Matteusarguðspjall á hebresku 23.2-3

Á stóli Móse sitja fræðimenn og farísear. Því skuluð þér gjöra og halda allt, sem þeir (farísearnir eða „hann“ Móse?) ...sem þeir segja yður (eða hann segir), en eftir breytni þeirra (verkum og Takanot) skuluð þér ekki fara, því þeir breyta ekki sem þeir bjóða.

Skjámynd:

- Halachot - rabbínsk túlkun faríseanna á hinu ritaða Torah. Það vinnur út reglur eða kennslu, (*drash*) úr Torah. Samhengi er talið málinu óviðkomandi.
- Takanot - ný lögleiðing trúarlaga sem bætt er við hið ritaða Torah með valdi hins „munnlega Torah.“ Ritningin er ekki notuð til grundvallar þessara laga.
- Ma'asim - fordæmi rabbína, eða „verk“ sem leiða til stofnunnar nýrra laga sem eru bindandi fyrir allan Ísrael, hvort sem er í landinu eða í útleigð. (Sjá lög Íslam um *Hadit*: Ef Múhameð gerði eitthvað, eiga múslimar að gera það líka, jafnvel þótt það sé ekki ritað í Kóraninum.)
- Minhagim – hefðir sem hafa orðið að lögum bara vegna þess að þær hafa tíðkast. Sjá „*Minhag Israel Torah He*” — “*Hefðir í Ísrael eru Torah lög.*“

Skjámynd:

Ma'aseh (fleirtala Ma'asim): Gjörðir rabbína eða fræðimanna sem fordæmi fyrir „réttu gyðinglega hegðun.“

Sjá Shabbat 21a í Talmúd: „Fordæmi er kennari.“

Skjámynd:

Ma'asim, eins og farísearnir nota þau:

- Regla eða verk sem leyfir Gyðingi að fara frá skipi á rampi sem heiðingi byggði á hvíldardegi vegna þess að Rabban Gamaliel gerði slíkt, ásamt öldungunum, þannig að það hlýtur að vera í lagi samkvæmt „munnlega lögmálinu.“

- Regla eða verk sem krefst þess að einstaklingur fari með daglegt Shma fyrir miðnætti. En ef tafir skyldu verða á því, hefur viðkomandi til sólarupprásar til að ganga fram í þessu og þetta er byggt á valdi Rabbi Shimon sem talinn var vera fræðimaður sem vissi örugglega hvers „munnlega lögmálið“ krefðist.
- Regla eða verk sem bannar að kveikt sé á ljósarofa á hvíldardegi, vegna þess að Chofetz Chaim (Rabbi Israel Meir HaCohen Kagan (1838-1933) kveikti ekki á ljósarofa á hvíldardegi, þannig að þetta hlýtur að vera það sem „munnlega lögmálið“ krefst.

Skjámynd:

Ma'asim notað í Tanach.

Sálmur 28.4-5 Launa þeim eftir verkum (ma'aseh) þeirra, eftir þeirra illu breytni, launa þeim eftir verkum (ma'aseh) handa þeirra, endurgjald þeim það er þeir hafa aðhafst. Því að þeir hyggja eigi á verk YHWH né handaverk hans, hann rífi þá niður og reisi þá eigi við aftur.

2. Mósebók 32.16 En töflurnar voru verk (ma'aseh) Elóhíms og letrið letur Elóhíms, rist á töflurnar.

Skjámynd:

- Halachot - rabbínsk túlkun faríseanna á hinu ritaða Torah. Það vinnur út reglur eða kennslu, (*drash*) úr Torah. Samhengi er talið málinu óviðkomandi.
- Takanot - ný lögleiðing trúarlaga sem bætt er við hið ritaða Torah með valdi hins „munnlega Torah.“ Ritningin er ekki notuð til grundvallar þessara laga.
- Ma'asim - fordæmi rabbína, eða „verk“ sem leiða til stofnunar nýrra laga sem eru bindandi fyrir allan Ísrael, hvort sem er í landinu eða í útleið. (Sjá lög íslam um *Hadit*: Ef Múhameð gerði eitthvað, eiga múslimar að gera það líka, jafnvel þótt það sé ekki ritað í Kóraninum.)
- Minhagim – hefðir sem hafa orðið að lögum bara vegna þess að þær hafa tíðkast. Sjá „*Minhag Israel Torah He*” — “*Hefðir í Ísrael eru Torah lög.*“

Skjámynd:

Shulchan Aruch, Orach Hayim 2:6- Ekki má ganga, jafnvel fjórar álnir, án þess að hafa höfuðið hulið eða fara með blessun í sæti án þess að hafa höfuðið hulið.

Skjámynd:

Shabbat 133a, 135a, 137a-
Halachic hefðir varðandi umskurn:

- Hatafat Dam Brit (blóðgun)
- Peri'ah (kórónan dregin aftur)
- Metzitzah (sárið sogið)

Þá komu menn sunnan frá Júdeu og kenndu bræðrunum svo: "Eigi getið þér hólpnir orðið, nema þér látið umskerast að sið Móse." (Post. 15.1)

Þá risu upp nokkrir úr flokki farísea, er trú höfðu tekið, og sögðu: "Þá ber að umskera og bjóða þeim að halda lögmál Móse." (Post. 15.5)

Skjámynd:

(Rabbínsk) lög og vald farísea

Skjámynd:

1. regla úr munnlega lögmálinu: Jafnvel YHWH VERÐUR að hlýða rabbínnum

Einstaklingur má ekki segja: „Ég ætla ekki að halda boðorð öldunganna vegna þess að þau eru ekki úr Torah.“ Hinn almáttki segir við slíka: „Nei, sonur minn. Heldur skaltu hlýða öllum þeirra tilskipunum. Eins og ritað er: Eftir þeim fyrirmælum, sem þeir tjá þér (5. Mós. 17.11.). Jafnvel ég (YHWH) verð að hlýða fyrirmælum þeirra, eins og ritað er. Og áformir þú eitthvað, mun þér heppnast það (Job. 22.28). -*Pesikta Rabbati, section 3*

Skjámynd:

2. regla úr munnlega lögmálinu: Það er í lagi fyrir leiðtoga gyðingdómsins að mistúlka eða ýkja eins og þörf krefur

Ef einstaklingur heyrði úrskurð og virðist sem löggin séu þannig, er honum heimilt að segja það í nafni mikilsverðs einstaklings svo að fólkíð meðtaki það. -*Magan Avraham, Orach Chayim 156b (canonical commentary on the 17th century Shulchan Aruch)*

Skjámynd:

3. regla úr munnlega lögmálinu: Það er mikilvægara að hlýða rabbínnum en YHWH

Rava útskýrði: Sonur minn! Gættu þess að halda rabbínsk ákvæði umfram Torah. Torah inniheldur bönn á meðan rabbínsk ákvæði boða: Hver sem brýtur gegn rabbínskum ákvæðum er dauða verður. -*Babylonian Talmud, Eruvin 21b*

Skjámynd:

4. regla úr munnlega lögmálinu: Rabbínarnir hafa alltaf rétt fyrir sér, jafnvel þótt þeim skjátlist

Jafnvel þegar þeir (rabbínar) ákveða að vinstri ætti að vera hægri eða hægri vinstri, þegar þeim skjátlast eða fara villu vegar í álitu sínu, ber að hlýða þeim. *Rosh Hashanah 25a/b*.

Skjámynd:

5. regla úr munnlega lögmálinu: Lagalegar umbætur við Torah eru ekki brot á Torah

Rabbi Baruch Paz, Yeshivat Beit El (Ísrael) í greininni „*Adding, Uprooting, and Rabbinic Authority*“ (*Viðbætur, uppræting og rabbínskt vald*): ...það er leyfilegt að lögleiða brot á Torah því það er í raun ekki brot, sem slíkt, að taka eitt Torah gildi fram yfir annað.

Öll greinin á vefnum:

<http://www.yeshiva.org.il/midrash/shiur.asp?cat=608&id=839&q=>

Munnlegt Torah

Ritað Torah

Skjámynd:

6. regla úr munnlega lögmálinu: Rabbínskar lögleiðingar eru Torah

...fræðimennirnir hafa miðlað í lögleiðingar sínar sama krafti og er í Mósélögunum. *Ketubot 84a*

Skjámynd:

7. regla úr munnlega lögmálinu: Fylgja skal fjöldanum

Mósebók 23.2 Þú skalt ekki fylgja fjöldanum til illra verka. Ef þú átt svör að veita í sök nokkurri, þá skalt þú ekki á eitt leggjast með margnum til þess að halla réttu máli.

Mósebók 23.2 Þú skalt ekki fylgja fjöldanum til illra verka. Ef þú átt svör að veita í sök nokkurri, þá **skalt þú ekki á eitt leggjast með margnum** til þess að halla réttu máli.

Framhald í næsta þætti...

Taktu frá þrjú kvöld í júní 2010 (14. 15. og 16. júní)



Avi ben Mordechai kemur til Íslands í júní 2010 og verður með nokkra spennandi fyrirlestra.

Ef þú vilt fá nánari upplýsingar um þetta einstaka tækifæri til að hlusta á stórkostlega fræðslu um hebreskar rætur trúarinnar, hafðu þá samband við Sigrúnu í síma 824 8848 eða með því að senda tölvupóst á torah@internet.is